Fullgild rafræn undirskrift
GLÓEY HELGUDÓTTIR FINNSDÓTTIR
2022-08-29 09:18:45 GMT
Ástæða: Undirskrift

Reykjavíkurborg

Reykjavík 25.08.2022

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 24. ágúst 2022 varðandi eftirfarandi mál.

**Gullslétta 1**
Lögð fram umsókn K.J.ARK slf. dags. 20. júlí 2022 um breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 1 við Gullsléttu. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að skipta upp lóðinni í fjórar lóðir, breyta byggingareitum, færa til innkeyrslur til ásamt því að bæta einni við og hækka/samræma hæðina á húsunum óháð því hvort um vegghæð eða mænishæð er að ræða, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 19. júlí 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

*Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
*Vísað til borgarráðs.*
*Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

__________________________
Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. dags. 19. júlí 2022.

# KJALARNES, ESJUMELAR - BREYTING Á DEILISKIPULAGI AÐ GULLSLÉTTU 1




NÚVERANDI DEILISKIPULAG 1:2000
SAMÞYKKT Í BORGARRÁÐ 07. JÚNÍ 2018 MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM
TÓK GILDI 06. JÚLÍ 2018 MEÐ AUGLÝSINGU Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA




BREYTING Á DEILISKIPULAGI 1:2000

GREINARGERÐ:

Í GILDI ER DEILISKIPULAG SEM ÖÐLAÐIST SAMÞYKKT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA 28. OKTÓBER 2016 MEÐ SÍÐARI BREYTINGUM.

LÝSING Á BREYTINGUNNI:

SAMKVÆMT NÚVERANDI DEILISKIPULAGI ER HÁMARKS VEGGHÆÐ 7,0 METRAR OG MESTA MÆNISHÆÐ 9 METRAR.
ÓSKAÐ ER EFTIR BREYTINGU SEM FELUR Í SÉR AÐ HÁMARKS HÆÐ BYGGINGAR VERÐI 10,5 METRAR. ÞÁ ER ÓSKAÐ EFTIR AÐ FÁ AÐ SKIPTA LÓÐINNI UPP Í FJÓRAR LÓÐIR. BYGGINGARREITUR BREYTIST.
INNKEYRSLUR FÆRAST TIL OG EIN BÆTIST VIÐ ÞAR SEM HVER LÓÐ VERÐUR MEÐ SÍNA INNKEYRSLU.
FYRIRKOMULAG BÍLASTÆÐA OG FJÖLDI ÞEIRRA Á DEILISKIPULAGSSVÆÐINU BYGGIR Á BÍLA- OG HJÓLASTÆÐASTEFNU REYKJAVÍKURBORGAR.
AÐ ÖÐRU LEYTI GILDA ELDRI SKILMÁLAR.

GILDANDI SKILMÁLATAFLA FYRIR BREYTINGU

| Götuheiti | Lóð samkv. FMR | B-magn m2 | NH | Athugasemdir og skilmálar |
|---|---|---|---|---|
| Gullslétta 1 | 37.660 m2 | 22.522 m2 | 0,4-0,6 | Mænishæð allt að 9m, vegghæð 7m.<br>Gerðar eru sérstakar kröfur um útlit bygginga.<br>En útlit byggingar innan lóðar skal vera samrænt hvað varðar efnisval.<br>Þakform skal vera með 0-14 gr. halla.<br>Kvöð um OR-lagnir. |

GILDANDI SKILMÁLATAFLA EFTIR BREYTINGU

| Götuheiti | Lóð samkv. FMR | B-magn m2 | NH | Athugasemdir og skilmálar |
|---|---|---|---|---|
| Gullslétta 1-A | 9.780 m2 | 5.868 m2 | 0,4-0,6 | Lóðinni skipt upp í fjórar sjálfstæðar lóðir.<br>Núverandi innkeyrslur færast til og bætt við einni nýrri vegna uppskiptingar á lóð. Byggingarreitur breytist.<br>Hámarkshæð bygginga verður allt að 10,5m.<br>Gerðar eru sérstakar kröfur um útlit bygginga.<br>En útlit byggingar innan lóðana skal vera samrænt hvað varðar efnisval/útlit.<br>Framhlið sem er lengri en 100m skal brjóta upp með útbyggingu, innskotum, efnisvali eða litabreytingum.<br>Á framhlið sé stórir gluggar, inngangar eða samb. byggingarhlutar.<br>Hlutfall framhliðar til uppbrots skal vera að lágmarki 20%.<br>Er þá átt við innganga, litaval, inn- og útskot, notkun glers og yfirborðsklæðningar og annað sem er varanlegur hluti af bygginguni.<br>Vanda skal staðsetningu innkeyrsludyra með tilliti til staðhátta.<br>Mænisstefna dettur út.<br>Þakforn skal vera með 0-14 gr. halla.<br>Kvöð um OR-lagnir.<br>Að öðru leyti gilda eldri skilmálar. |
| Gullslétta 1-B | 9.050 m2 | 5.430 m2 | 0,4-0,6 | |
| Gullslétta 1-C | 9.050 m2 | 5.430 m2 | 0,4-0,6 | |
| Gullslétta 1-D | 9.780 m2 | 5.868 m2 | 0,4-0,6 | |




GRUNNMYND - TILLAGA AÐ STAÐSETNINGU BYGGINGA



YFIRLITSMYND - TILLAGA

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt

í ______________ þann _________20____

og í ____________________ þann ________ 20_____

Tillagan var auglýst frá __________20____ með

athugasemdarfresti til __________20____

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann __________20____




Hluti af Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

SKÝRINGAR

- Deiliskipulagsmörk
- Lóðamörk
- Byggingarreitur
- Bindandi byggingalína
- Lóðarstærð fermetrar
- Mænistefna
- Götur
- Göngustígur
- Hjólastígur
- Þjónustustígur
- Ofanvatnslausnir
- Settjarnir
- Hverfisvernd
- Gróðursvæði í borgarlandi
- Skjólbelti í borgarlandi
- Kvöð um veitulagnir

BREYTINGAR

| NR. | DAGS. | BREYTING | SÞ. |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

K.J. ARK. slf
650319-0360
TEL: [redacted]
E-MAIL kjartan@kjhonnun.is
E-MAIL jon@kjhonnun.is

HÖNNUN - SKIPULAG - RÁÐGJÖF
KJARTAN RAFNSSON FÍÍ/IDSA
JÓN M. HALLDÓRSSON BYGGINGAFR. [redacted]

VERK
GULLSLÉTTA 1 (áður Lækjarmelur 1-9)
REYKJAVÍK

TEIKNING
DEILISKIPULAGSBREYTING

KVARÐI

DAGS.
19.07.2022

TEIKNAÐ AF
KR, JMH

TEIKNING NR.
15-01